

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



17. maí 2021

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 607. mál á 151. löggjafarþingi

Neytendastofa o.fl. (réttarúrræði neytendaverndarsamtaka)

Eins og kom fram í framsöguræðu fyrsta flutningsmanns ofangreinds frumvarps var það útfært og lagt fram fyrir atbeina Hagsmunasamtaka heimilanna. Eðlilega eru samtökin því fylgjandi frumvarpinu. Með því er í fyrsta lagi lagt til að lögvarðir hagsmunir samtaka sem gæta heildarhagsmuna neytenda í stjórnslumálum vegna brota gegn réttindum neytenda verði viðurkenndir. Í öðru lagi að brugðist verði við dómaframkvæmd þar sem einstaklingsbundinn réttur hvers og eins neytanda til skaðabóta hefur verið látinn standa í vegi fyrir lögbanni til að hindra eða stöðva brot gegn neytendum sem geta valdið þeim bótaskyldu tjóni, með því að skerpa á tilteknum lagaákvæðum þar að lútandi.

Lög um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda nr. 141/2001 voru upphaflega sett til að innleiða Tilskipun 98/27/EB um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda og síðar breytt til að innleiða Tilskipun 2009/22/EB sem kom í stað hinnar fyrri. Rúmur áratugur leið án þess að reyndi á þau lög, þar til Hagsmunasamtök heimilanna höfðuðu fyrsta slíka málið og hafa samtökin verið frumkvöðlar í aðgerðum af því tagi til að vernda heildarhagsmuni neytenda. Íslenskir dómstólar hafa aftur á móti staðið í vegi fyrir því að slíkt lögbann nái fram að ganga, með vísan til þess að þeir hagsmunir sem um ræðir séu verndaðir með rétti einstakra neytenda til skaðabóta.

Fyrirnefnd dómaframkvæmd hefur leitt til þess að í engum tilfellum hefur verið fallist á lögbann til að vernda heildarhagsmuni neytenda. Það gengur þvert gegn tilgangi fyrirnefndrar tilskipunar, sem er sá að hindra eða stöðva brot gegn neytendum svo þeir verði ekki fyrir tjóni sem hver og einn neytandi þyrfti að höfða dómsmál til að krefjast skaðabóta fyrir með tilheyrandi óhagræði. Færa má rök fyrir því að næstum öll brot gegn réttindum neytenda geti verið skaðabótaskyld og myndi því að óbreyttu aldrei verða hægt að ná fram lögbanni til að koma í veg fyrir slík brot. Má því segja sem svo að í reynd hafi innleiðing fyrirnefndrar tilskipunar mistekist þar sem hún hefur ekki náð að koma til framkvæmda hér á landi, en það brýtur í bága við skyldur Íslands samkvæmt EES-samningnum. Samtökin hvetja því eindregið til þess að bætt verði úr þessu með því að frumvarp þetta verði samþykkt.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. maí 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Neytendastofu o.fl. (réttarúrræði neytendaverndarsamtaka), 607. mál.

Neytendasamtökin eru hlynnt þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér og telja þær til þess fallnar að styrkja stöðu neytendasamtaka í baráttumálum er varða heildarhagsmuni neytenda.

Um 1. gr.


Neytendasamtökin telja mjög jákvætt að stefnt sé að því að tryggja aðild samtaka sem starfa í þágu heildarhagsmuna neytenda að kvörtunarmálum og tryggja þeim jafnframt möguleikann á að skjóta stjórnvaldsákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála ef svo ber undir. Að mati samtakanna getur það reynst mikilvægt í málum er varða heildarhagsmuni neytenda að samtök sem starfa í þeirra þágu geti komið kvörtun fyrir hönd allra áleiðis til eftirlitsaðila, notið þar réttarstöðu aðila máls og í kjölfarið gert kleift að skjóta máli áfram.

Um 2. og 3. gr.

Samtök sem starfa í þágu heildarhagsmuna neytenda berst oft gífurlegur fjöldi kvartana og fyrirspurna frá neytendum er varða þeirra sérsvið. Oft á tíðum eru þau einnig fyrsta stopp, þ.e. neytendur eiga það til að bera kvartanir fyrst undir hagsmunasamtök til að kynna sér réttarstöðu áður en lengra er haldið. Samtök sem þessi hafa því í mörgum tilfellum mjög góða yfirsýn yfir umfang og alvarleika mála er varða ákveðnar athafnir eða viðskiptahætti fyrirtækja. Í einstaka málum stórum að umfangi eða málum er varða alvarleg brot á neytendum getur það verið mat samtaka sem starfa í þeirra þágu að það sé hagsmunum neytenda best borgið að reyna að stöðva eða leggja bann við tilteknum starfsháttum. Í því sambandi er vert að nefna nýlegt dæmi um mál af þeim toga þar sem Neytendasamtökin fóru fram á lögbann á innheimtu ólögðra smálána. Í því máli byggði ákvörðun sýslumanns um höfnun á beiðninni m.a. á þeim grundvelli að hagsmunir neytenda væru fjárhagslegir og því nægilega tryggðir með skaðabótum. Neytendasamtökin fagna þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og eru til þess fallnar að rýmka rétt hagsmunasamtaka neytenda í þessu sambandi.

Neytendasamtökin eru því með vísan í framangreint mjög hlynnt því að frumvarpið nái fram að ganga og lýsa yfir vilja til að koma skoðunum sínum betur á framfæri á síðari stigum máls sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 20.05.2021
Tilv. 2021/0364 - 0.3.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu o.fl. (réttarúrræði neytendaverndarsamtaka), 607. mál.

Vísað er til tölvubréfs, dags. 12. maí 2021, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu o.fl. (réttarúrræði neytendaverndarsamtaka), 607. mál.

I.

Athugasemdir við I. kafla

Í tilefni I. kafla frumvarpsins vill Neytendastofa benda á að í þeim úrskurðum áfrýjunarnefndar neytendamála sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu, þ.e. úrskurðum í málum nr. 5/2013, 12/2014 og 14/2014, fjallar áfrýjunarnefnd neytendamála um þá almennu reglu að við afmörkun á því hver geti talist aðili máls hafi úrslitapýðingu hvort hlutaðeigandi eigi beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta. Í öllum málunum fjallar áfrýjunarnefndin um það að þrátt fyrir að megingangur samtakanna sé að vinna að hagsmunum neytenda og geti þannig látið til sín taka í málum sem varði neytendur á opinberum vettvangi, geti það ekki vikið til hliðar nauðsyn lögvarinna hagsmuna til þess að njóta stöðu aðila samkvæmt stjórnslurétti. Áfrýjunarnefnd neytendamála metur svo í öllum umræddum málum að það skorti á það grundvallarskilyrði að kærandi hafi nægjanlega sérstaka eða lögvarinna hagsmuna af úrlausn málsins. Þá segir í öllum úrskurðunum:

„Er í því sambandi vísað til þess sem að framan greinir um að almennir hagsmuni hóps manna skapa ekki aðilastöðu í máli, en leggja verður til grundvallar að þótt menn sem ekki hafi aðilastöðu öðru jöfnu stofni samtök til þess að berjast fyrir ákveðnum hagsmunum öðlast samtökin ekki við það sjálfkrafa aðild að máli þar sem á þá hagsmuni reynir. Verður enda að liggja fyrir, í samræmi við framangreint, að fyrir hendi séu slíkir hagsmunir að leggja megi til grundvallar að niðurstæða viðkomandi máls hafi bein eða óbein áhrif á viðkomandi.“

Nefndir úrskurðir áfrýjunarnefndar neytendamála fela því ekki í sér að neytendaverndarsamtök geti ekki notið lögvarinna hagsmuna af einstökum málum og þar með hlotið stöðu aðila máls hjá Neytendastofu og, eftir atvikum, áfrýjunarnefnd neytendamála.

Með tilliti til ofangreinds fær Neytendastofa ekki séð að sú breyting sem 1. gr. frumvarpsins ber með sér hefði haft áhrif við úrlausn þeirra mála sem vísað er til í greinargerð með frumvarpi. Neytendaverndarsamtök, sem og önnur hagsmunasamtök, geta notið stöðu aðila

máls séu skilyrði um beina, verulega, sérstaka og lögvarða hagsmuni uppfyllt.

Hingað til, sem hér eftir, hafa neytendaréttarsamtök haft greiðan aðgang að neytendaréttarsviði Neytendastofu og stofnunin tekið fjölmörg mál til meðferðar sem frá þeim eru komin. Í mörgum tilvikum hefur erindi verið tekið til beinnar meðferðar og neytendaréttarsamtökum veitt staða aðila að málinu þannig að samtökin hafi átt kost á að koma að skýringum eða athugasemdum við meðferð málsins, hafa fengið aðgang að öllum gögnum þess auk þess að fá tilkynningu um niðurstöðu málsins.

Neytendastofa telur jafnframt mikilvægt að benda á tekið hafa gildi lög nr. 21/2020 sem m.a. fólu í sér breytingu á orðalagi 3. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Samkvæmt ákvæðinu ákveður Neytendastofa hvort erindi sem berast gefi nægar ástæður til rannsóknar. Frá gildistöku breytingarlaganna hefur stofnunin í ríkari mæli tekið mál upp að eigin frumkvæði á grundvelli kvartanda, ábendinga eða fyrirspurna án þess að sá sem sendi stofnuninni erindi njóti aðildar að málinu. Af því leiðir jafnframt að stofnunin hefur oftár tækifæri til að grípa til aðgerða að eigin frumkvæði þegar erindi berst frá neytanda eða samtökum sem ekki getur notið stöðu aðila. Felur breytingin jafnframt í sér að stofnunin hefur meira forræði yfir meðferð málsins auk þess sem gagnaöflun og þar með málsmeðferð gengur hraðar fyrir sig.

Að lokum vill Neytendastofa benda á, að verði frumvarpið að lögum þarfnast nánari skoðunar hvort tilefni sé til að taka neytendaverndarsamtök sérstaklega fyrir eða hvort taka eigi tillit til annarra hagsmunasamtaka. Vísar stofnunin í því sambandi til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 10/2019 þar sem kæru Samtaka iðnaðarins var vísað frá af sama tilefni og kærum Hagsmunsamtaka heimilanna í þeim úrskurðum sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu.

II.

Athugasemdir við II. og III. kafla

Hvað varðar heimildir samtaka sem gæta heildarhagsmuna neytenda til að leita lögbanns telur Neytendastofa mikilvægt að þess sé gætt að slík samtök njóti þeirrar heimildar. Neytendastofa vill þó benda á að væntanleg er tilskipun frá Evrópuþinginu og -ráðinu, (representative actions for the protection of the collective interests of consumers) sem mun koma í stað tilskipunar 2009/22/EB, um að setja lögbann til verndar heildarhagsmunum neytenda, sem var innleidd í lög 141/2001. Gera má ráð fyrir að þegar sú tilskipun verður innleidd í íslenskan rétt muni eiga sér stað gagnger endurskoðun á lögum 141/2001 og telur stofnunin því ekki tímabært að gera þær breytingar sem lagðar eru til í II. og III. kafla frumvarpsins fyrr en sú endurskoðun fer fram.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu


Þórunn Anna Árnadóttir


Matthildur Sveinsdóttir